

STJÓRNARTÍÐINDI B 58 – 1999

24. júní 1999

1361

Nr. 420

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir þau tímabil sem tilgreind eru í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Úr tollnúmeri:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
			kg	%	kr./kg
	Kartöflur, bökunar, 65 mm og stærri	01.07.-31.08.99	ótilgr.	15	30
<i>Tollnúmer:</i>					
0703.9001	Blaðlaukur	01.07.-08.08.99	ótilgr.	30	0
0703.9001	Blaðlaukur	09.08.-22.08.99	ótilgr.	7,5	57
0703.9001	Blaðlaukur	23.08.-05.09.99	ótilgr.	15	114
0704.1000	Blómkál	01.07.-11.07.99	ótilgr.	30	0
0704.1000	Blómkál	12.07.-18.07.99	ótilgr.	15	88
0704.1000	Blómkál	19.07.-25.07.99	ótilgr.	22,5	132
0704.2000	Rósakál	01.07.-30.09.99	ótilgr.	30	0
0704.9001	Hvítkál	01.07.-11.07.99	ótilgr.	15	40
0704.9001	Hvítkál	12.07.-18.07.99	ótilgr.	22,5	59
0704.9002	Rauðkál	01.07.-30.09.99	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	01.07.-11.07.99	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	12.07.-25.07.99	ótilgr.	15	141
0704.9005	Fóðurmergskál	01.07.-30.09.99	ótilgr.	30	0
0704.9009	Annað	01.07.-31.08.99	ótilgr.	30	0
0705.1112	Jöklasalat	01.07.-30.09.99	ótilgr.	30	0
0705.1199	Annað (salat)	01.07.-30.09.99	ótilgr.	15	97
0705.1900	Annað	01.07.-30.09.99	ótilgr.	15	97
0705.2100	Kaffifíflsblöð	01.07.-30.09.99	ótilgr.	30	0
0705.2900	Annað	01.07.-30.09.99	ótilgr.	15	97
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.07.-11.07.99	ótilgr.	30	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	12.07.-18.07.99	ótilgr.	15	68
0706.1000	Gulrætur og næpur	19.07.-30.09.99	ótilgr.	22,5	102
0706.9001	Gulrófur	01.07.-30.09.99	ótilgr.	30	0
0706.9009	Annars	01.07.-30.09.99	ótilgr.	30	0
0709.3000	Eggaldinjurtir	01.07.-30.09.99	ótilgr.	15	58
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.07.-01.08.99	ótilgr.	30	0

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
			kg	%	kr./kg
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	02.08.-08.08.99	ótilgr.	7,5	69
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	09.08.-15.08.99	ótilgr.	15	138
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	16.08.-30.09.99	ótilgr.	22,5	207
0709.5100	Sveppir	01.07.-30.09.99	ótilgr.	7,5	100
0709.6003	Paprika	01.07.-30.09.99	ótilgr.	22,5	298
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	01.07.-30.09.99	ótilgr.	30	0
0709.9002	Kúrbítur	01.07.-30.09.99	ótilgr.	30	0
0709.9009	Annars	01.07.-30.09.99	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál úf af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. október 1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. júní 1999.

F. h. r.

Björn Sigurbjörnsson.

Sigríður Nordmann.

AUGLÝSING

um hreindýraveiðar árið 1999.

1. gr.

Heimilt er að veiða allt að 404 hreindýr á tímabilinu 1. ágúst til 15. september 1999, auk hreindýrakálfa skv. 3. gr. Þó má hefja veiðar á törfum 20. júlí, en þess skal vandlega gætt að þær veiðar trufli hvorki kýr né kálfa.

Hreindýraveiðar eru óheimilar fyrir 15. ágúst 1999 á svæði sem afmarkast af austurbakka Jökulsár á Fljótsdal að Laugará, með Laugará að Hölkná, og þaðan í beinni línu í topp á Urgi, í Tungusporð, Búrfellstopp og að ósi Dysjarár. Vesturmörk fylgja síðan Jökulsá á Brú að Jökli.

2. gr.

Veiðiheimildir skiptast sem hér segir eftir veiðisvæðum og kyni dýra: